

	I. EES-STOFNANIR	
	1. EES-ráðið	
	2. Sameiginlega EES-nefndin	
94/EES/33/01	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/94 frá 8. júlí 1994 um breytingu á XXII. viðauka við EES-samninginn (Félagaréttur)	01
	Tilskipun ráðsins 94/8/EB frá 21. mars 1994 um breytingu á tilskipun 78/660/EBE, varðandi aðlögun fjárhæða sem gefnar eru upp í evrópskum mynteiningum (ECU)	02
	3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4. Ráðgjafarnefnd EES	
	II EFTA-STOFNANIR	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
94/EES/33/02	Ákvörðun fastanefndar EFTA-ríkjanna nr. 13/94/SC frá 6. júní 1994 varðandi reglur um tilkynningu dýrasjúkdóma	04
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
94/EES/33/03	Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og 3. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls	06
94/EES/33/04	Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn - Ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum	09
	3. EFTA-dómstóllinn	
94/EES/33/05	Mál höfðað þann 7. maí 1994 af Alexander Flandorfer Friedmann, Erna Flandorfer Friedmann og GFG Bau Dachdecker Spengler GmbH gegn Lýðveldinu Austurríki (Mál E-3/94)	10
	Fyrirmæli dómstólsins frá 15. júní 1994 í máli E-3/94: Alexander Flandorfer Friedmann, Erna Flandorfer Friedmann og GFG Bau Dachdecker Spengler GmbH gegn Lýðveldinu Austurríki	10

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið

2. Framkvæmdastjórnin

94/EES/33/06	Ríkisaðstoð - nr. C 13/94 (ex. NN 13/94) - Ítalía	11
94/EES/33/07	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.437 - Matra Marconi Space/British Aerospace Space Systems).....	11
94/EES/33/08	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.485 - Rheinelektra/Dekra/Cofira).....	12
94/EES/33/09	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.459 - CINVen/CIE/BP Nutrition).....	13
94/EES/33/10	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 25.7. til 26.8. 1994	14
94/EES/33/11	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin birtir í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins	15
94/EES/33/12	Leiðrétting	16
94/EES/33/13	Leiðrétting	16

3. Dómstóllinn

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 94/EES/33/01 nr. 9/94 frá 8. júlí 1994

um breytingu á XXII. viðauka við EES-samninginn (Félagaréttur)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Tilskipun ráðsins 94/8/EB frá 21. mars 1994 um breytingu á tilskipun 78/660/EBE, varðandi aðlögun fjárhæða sem gefnar eru upp í evrópskum mynteiningum (ECU),⁽¹⁾ skal tekin upp í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við XXII. viðauka við samninginn í 4. lið (fjórða tilskipun ráðsins 78/660/EBE):

„- **394 L 0008:** Tilskipun ráðsins 94/8/EB frá 21. mars 1994 um breytingu á tilskipun 78/660/EBE, varðandi aðlögun fjárhæða sem gefnar eru upp í evrópskum mynteiningum (ECU) (Stjttíð. EB nr. L 82, 25.3. 1994, bls. 33).”

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 94/8/EB á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. október 1994, að því tilskildu að allar nauðsynlegar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel, 8. júlí 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

H. Hafstein

(¹) Stjttíð. EB nr. L 82, 25. 3. 1994, bls. 33.

**Tilskipun ráðsins 94/8/EB
frá 21. mars 1994
um breytingu á tilskipun 78/660/EBE um endurskoðun á fjárhæðum í evrópskum
mynteiningum (ECU)⁽¹⁾**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af fjórðu tilskipun ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans, um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð⁽²⁾, einkum 2. mgr. 53. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 11. og 27. gr. tilskipunar 78/660/EBE, og með tilvísun í hana í 6. gr. tilskipunar 83/349/EBE⁽³⁾ og 20. og 21. gr. tilskipunar 84/253/EBE⁽⁴⁾, er kveðið á um viðmiðunarmörk í evrópskum mynteiningum fyrir niðurstöðutölur efnahagsreiknings og hreina veltu og er aðildarríkjum heimilt að veita tilteknar undanþágur frá ákvæðum þessara tilskipana.

Í 2. mgr. 53. gr. tilskipunar 78/660/EBE er kveðið á um að fimmta hvert ár skuli ráðið að tillögu framkvæmdastjórnarinnar athuga og ef nauðsyn krefji endurskoða þær fjárhæðir sem gefnar eru upp í evrópskum mynteiningum í tilskipuninni í ljósi framvindu efnahags- og peningamála í bandalaginu.

Fram að þessu hefur ráðið, í samræmi við 2. mgr. 53. gr. tilskipunar 78/660/EBE, tvisvar sinnum endurskoðað umræddar fjárhæðir samkvæmt tilskipun 84/569/EBE⁽⁵⁾ og 90/604/EBE⁽⁶⁾.

Þriðja fimm ára tímabilinu lauk 24. júlí 1993 og því er viðeigandi að endurskoða fjárhæðirnar.

Á síðustu fimm árum hefur raungengi evrópsku mynteiningarinnar lækkað. Í ljósi framvindu efnahagsmála og peningamála í bandalaginu er nauðsynlegt að hækka fjárhæðirnar sem gefnar eru upp í evrópskum mynteiningum.

(1) Minnst var á eftirfarandi EB-gerð, sem áður birtist í Stjttíð. EB, í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/94 frá 8. júlí 1994 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, sjá þetta hefti EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(2) Stjttíð. EB nr. L 222, 14.8.1978, bls. 11. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 90/605/EBE (Stjttíð. EB nr. L 317, 16.11.1990, bls. 60).

(3) Stjttíð. EB nr. L 193, 18.7.1983, bls. 1.

(4) Stjttíð. EB nr. L 126, 12.5.1984, bls. 20.

(5) Stjttíð. EB nr. L 314, 4.12.1984, bls. 28.

(6) Stjttíð. EB nr. L 317, 16.11.1990, bls. 57.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:**1. gr.**

1. Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á 11. gr. tilskipunar 78/660/EBE:

- í stað fyrsta undirliðar „niðurstöðutala efnahagsreiknings: 2 000 000 evrópskra mynteininga (ECU)“ komi „niðurstöðutala efnahagsreiknings: 2 500 000 evrópskra mynteininga (ECU)“;

- í stað annars undirliðar, „hrein velta 4 000 000 evrópskra mynteininga (ECU)“ komi „hrein velta: 5 000 000 evrópskra mynteininga (ECU)“.

2. Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á 27. gr. tilskipunar 78/660/EBE:

- í stað fyrsta undirliðar, „niðurstöðutala efnahagsreiknings: 8 000 000 evrópskra mynteininga (ECU)“ komi „niðurstöðutala efnahagsreiknings: 10 000 000 evrópskra mynteininga (ECU)“;

- í stað annars undirliðar, „hrein velta 16 000 000 evrópskra mynteininga (ECU)“ komi „hrein velta: 20 000 000 evrópskra mynteininga (ECU)“.

3. Endurskoðun framangreindra fjárhæða í evrópskum mynteiningum er þriðja endurskoðunin á fimm ára fresti sem kveðið er á um í 2. mgr. 53. gr. tilskipunar 78/660/EBE.

2. gr.

Samsvarandi fjárhæð evrópsku mynteiningarinnar í innlendum gjaldmiðli skal vera sú sem fengin er 21. mars 1994 og birt er í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

3. gr.

1. Þau aðildarríki sem hyggjast nýta sér heimildina sem kveðið er á um í 11. og 27. gr. tilskipunar 78/660/EBE, eins og henni var breytt með þessari tilskipun, skulu samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari hvenær sem er eftir birtingu hennar. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 21. mars 1994.

Fyrir hönd ráðsins,

Y. PAPANTONIOU

forseti.

EFTA-STOFNANIR

FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA

Ákvörðun fastanefndar EFTA-ríkjanna nr. 13/94/SC frá 6. júní 1994 varðandi reglur um tilkynningu dýrasjúkdóma

94/EES/33/02

FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir EES-samningurinn,

með hliðsjón af gerðunum um tilkynningu dýrasjúkdóma sem vísað er til í 15. til 17. lið I. kafla I. viðauka við EES-samninginn,

með hliðsjón af samningnum um fastanefnd EFTA-ríkjanna, er nefnist hér á eftir samningurinn um fastanefndina,

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, er nefnist hér á eftir samningurinn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn, einkum 5. gr. og bókun 1 við hann,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í aðlögunum við framangreindar gerðir er mælt fyrir um að EFTA-ríkin skuli koma á fót svipuðu tilkynninga- og upplýsingakerfi og því sem starfrækt er í EB og skuli í meginatriðum samræmt EB-kerfinu (ADNS) fyrir 1. júlí 1994.

Í f-lið 1. mgr. 3. gr. samningsins um fastanefndina er mælt fyrir um að fastanefndin skuli setja reglur um tilkynningu sjúkdóma. Í viðaukanum við þann samning er mælt fyrir um að ákvörðunin skuli tekin með meirihluta atkvæða.

Í samræmi við 4. mgr. í inngangshluta I. kafla I. viðauka við EES-samninginn þá eiga framangreindar gerðir ekki við um Ísland.

Hversu fljótt upplýsingar berast og hversu nákvæmar þær eru skiptir meginmáli að því er varðar beitingu hinna margvíslegu verndarráðstafana sem kveðið er á um í EES-samningnum.

Í samræmi við a-lið 1. gr. bókunar 1 við samninginn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn er það hlutverk eftirlitsstofnunar EFTA að veita EFTA-ríki upplýsingar um hvort varúðarráðstöfun eða öryggisráðstöfun sem EFTA-ríki gerði var réttlætlanleg.

Nauðsynlegt er að mæla fyrir um skráningarkerfi fyrir EFTA-ríki og héruð til viðbótar skráningarkerfunum sem mælt er fyrir um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar sem vísað er til í 17. lið I. kafla I. viðauka við EES-samninginn.

Viðaukarnir við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar sem um getur í 17. lið I. kafla við I. viðauka við EES-samninginn hafa ekki verið birtir.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr

- Vegna beitingar ákvæðanna í gerðunum sem vísað er til í 15. til 17. lið í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn skal hvert EFTA-ríki sem gerðirnar eiga við um:
 - senda allar tilkynningar um dýrasjúkdóma beint til allra hlutaðeigandi samningsaðila EES, eftirlitsstofnunar EFTA og evrópsku framkvæmdastjórnarinnar,
 - gera nauðsynlegar ráðstafanir til að taka á móti tilkynningum um dýrasjúkdóma frá aðildarríkjum EB, sem sendar eru beint eða í gegnum evrópsku framkvæmdastjórnina til EFTA-ríkjanna,
 - gera nauðsynlegar ráðstafanir til að taka á móti samsafni tilkynninga um dýrasjúkdóma í aðildarríkjum EB, sem evrópska framkvæmdastjórnin sendir EFTA-ríkjunum,
 - gera nauðsynlegar ráðstafanir til að taka á móti samsafni tilkynninga um dýrasjúkdóma í EFTA-ríkjunum, sem eftirlitsstofnun EFTA sendir frá sér.

- Senda skal tilkynningarnar sem um getur í 1. mgr. í gegnum bréfasíma, nema um annað sé samið milli sendenda og móttakenda.

2. gr.

- Eftirlitsstofnun EFTA skal bera ábyrgð á samræmingu tilkynningakerfisins, sem komið verður á fót samkvæmt þessari ákvörðun, við samsvarandi EB-kerfi.

2. Í þeim tilvikum sem Evrópsku framkvæmdastjórninni ber að safna eða tengja upplýsingar sem senda á til aðildarríkja EB ber eftirlitsstofnun EFTA að annast samsvarandi starfsemi að því er varðar EFTA-ríkin og gefa EFTA-ríkjunum og evrópsku framkvæmdastjórninni skýrslu.

3. Eftirlitsstofnun EFTA skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að taka á móti tilkynningum um dýrasjúkdóma frá EFTA-ríkjunum og frá aðildarríkjum EB, svo og samsafnaðra tilkynninga um dýrasjúkdóma í aðildarríkjum EB frá evrópsku framkvæmdastjórninni.

3. gr.

Að því er varðar reglur um tilkynningu dýrasjúkdóma, skal senda upplýsingar varðandi EFTA-ríki og héruð áfram í gegnum skráningarkerfin sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka við þessa ákvörðun

4. gr.

Ákvæði þessarar ákvörðunar skulu ekki hafa áhrif á almenn ákvæði um tilkynningu dýrasjúkdóma sem mælt er fyrir um í gerðunum sem vísað er til í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn.

5. gr.

Ákvörðun þessi tekur gildi 1. júlí 1994.

6. gr.

Ákvörðun þessi skal birt, án viðauka, í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 6. júní 1994

Fyrir hönd fastanefndarinnar

Formaður

Antti Satuli

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. samningsins um 94/EES/33/03 Evrópska efnahagssvæðið⁽¹⁾ og 3. mgr. 1. gr. bókar 3 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls⁽²⁾

Mál þar sem eftirlitsstofnun EFTA hreyfir engum andmælum

(Aðstoð nr. 94-001)

Útdráttur úr ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum gegn aðstoðinni sem ríkisstjórn Austurríkis áformar að veita BMW Motoren Gesellschaft mbH til að styðja rannsóknir og þróun (R&D) svo og fjárfestingarverkefni í Steyr í Austurríki.

Í bréfi dagsettu 4. febrúar 1994, sem eftirlitsstofnuninni barst samdægurs, tilkynnti ríkisstjórn Austurríkis eftirlitsstofnun EFTA, í samræmi við 3. mgr. 1. gr. bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn, um fyrirætlun sína um að veita aðstoð sem nemur samtals 467,3 milljónum austurrískra skildinga (ATS) til BMW Motoren Gesellschaft mbH til að styðja R&D og fjárfestingarverkefni í vélaverksmiðju fyrirtækisins í Steyr í Austurríki. Í bréfum frá 25. febrúar 1994 og 29. apríl 1994, sem eftirlitsstofnun EFTA skráði samdægurs, voru settar fram breyttar tilkynningar um meðal annars að lækka fyrirhugaða aðstoðarfjárhæð niður í hámark 454,8 milljónir ATS.

Verkefnið tekur til rannsókna, vinnslu- og vöruþróunar á sviði dísil- og bensínhreyfiltækni, með það að markmiði að draga úr eldsneytisneyslu og koltvísýringuþblæstri, svo og ráðstafana til að efla umhverfisvernd við verksmiðjuna og þjálfar starfsfólk. Enn fremur er með verkefninu gert ráð fyrir tengdum fjárfestingum í framleiðslubúnaði og -aðstöðu.

Heildarkostnaðurinn við verkefnið, sem verður unnið á þremur árum, er áætlaður 3.396,7 milljónir ATS og af þeirri fjárhæð eru 2.855,6 milljónir ATS taldar koma til greina sem ríkisaðstoð. Hámarksheildarfjárhæð aðstoðar sem ríkisstjórn Austurríkis leggur til til að styðja verkefnið er 454,8 milljónir ATS í formi fjárveitingar samkvæmt 1. mgr. 1. gr. b í ábyrgðarlögunum frá 1977 og fjárveitingar sem eru í samræmi við svæðisbundnar og staðbundnar aðstoðaráætlanir. Aðstoðarfjárhæðin verður greidd með jöfnum greiðslum á fjórum árum og hefst 1994.

Af heildarkostnaði við verkefnið nema útgjöld vegna rannsókna og þróunar 1.314,6 milljónum ATS og þar af eru 817 milljónir ATS útgjöld sem koma til greina sem aðstoð til R&D. Þessi fjárhæð er síðan flokkuð í grundvallariðnaðarrannsóknir (140 milljónir ATS), hagnýtar rannsóknir (381 milljónir ATS) og vinnsluþróun (296,5 milljónir ATS) og nema aðstoðarfjárhæðirnar

fyrir hvert verkefni 70,0, 95,25 og 44,48 milljónum ATS. Kostnaður verkefnisins vegna umhverfisverndar nemur 129 milljónum ATS fyrir ráðstafanir sem eru töluvert umfram kröfur og 62 milljónir ATS fyrir ráðstafanir sem uppfylla nýjar lagakröfur og eru samsvarandi aðstoðarfjárhæðir 38,7 og 9,3 milljónir ATS. Útgjöld vegna þjálfunar eru 110 milljónir ATS, þar af 66 milljónir ATS sem koma til greina sem aðstoð fyrir grunnþjálfun (29 milljónir ATS) og starfsþjálfun (37 milljónir ATS) og er fjárhæð aðstoðarinnar annars vegar 14,5 milljónir og hins vegar 9,25 milljónir ATS. Fjárfestingarkostnaður nemur 1.781,1 milljón ATS og aðstoð sem lögð er til vegna byggðafjárfestingar nemur 173,28 milljónum ATS.

BMW Motoren Gesellschaft mbH, Steyr er dótturfyrirtæki sem er að fullu í eigu Bayerische Motoren Werke Aktiengesellschaft, München, sem framleiðir aðalflokka dísil- og bensínhreyfla fyrir móðurfyrirtækið. Verksmiðjan hefur 400.000 eininga ársframleiðslugetu og árið 1992 var öll framleiðsla hennar flutt út til annarra EES-landa. Árið 1996 þegar verkefninu verður lokið og enduruppbyggðar og stækkaðar framleiðslulínur hafa að fullu verið teknar í notkun mun framleiðslugetan aukast í 450.000 - 460.000 einingar á ári. Þó er framleiðsluaukningin eingöngu ætluð til að sjá nýrri samsetningarverksmiðju BMW í Bandaríkjunum fyrir birgðum. Störfum í verksmiðjunni mun fjölga úr 2.124 störfum miðað við árið 1992 í 2.300 árið 1996.

Áformaður stuðningur er í formi aðstoðar frá ríkis-, héraðs- og sveitarstjórn og verður þess vegna veittur af ríkisfjármunum í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Þar sem umtalsverð viðskipti eru með vélar fyrir vélknúin ökutæki milli samningsaðila EES-samningsins og stuðningsráðstafanirnar munu létta hluta fjárfestingarkostnaðar af viðkomandi fyrirtæki er hætta á að þær raski samkeppni og hafi áhrif á viðskipti innan EES. Ráðstafanirnar teljast því til ríkisaðstoðar í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

(¹) Hér á eftir nefndur EES-samningurinn.

(²) Hér á eftir nefndur samningurinn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn.

Við þessar aðstæður ber að meta hvort einhver undanþáguákvæði samkvæmt 2. og 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins gildi til að unnt sé að undanþiggja fyrirhugaða aðstoð almennu banni um aðstoð samkvæmt 1. mgr. 61. gr. Einkum skiptir máli að rannsaka aðstoðartillöguna með hliðsjón af c-lið 3. mgr. 63. gr. og reglunum um ríkisaðstoð við bílaiðnaðinn, eins og þær eru settar fram í 23. kafla í málsmeðferð og efni reglna eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar⁽¹⁾.

Þessar reglur miða að því að koma á fullu gagnsæi á flæði aðstoðar við bílaiðnaðinn og á sama tíma ströngum reglum um veitingu aðstoðar til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni. Fyrirhuguð aðstoð til BMW-verkefnisins felur í sér ýmis markmið. Samkvæmt reglunum um aðstoð við bílaiðnaðinn eru matsviðmið mismunandi eftir því hvert markmiðið með aðstoðinni er. Því er nauðsynlegt að rannsaka sérstaklega einstök atriði fyrirhugaðrar aðstoðar.

Eins og lýst er í grófum dráttum í reglunum um aðstoð til rannsókna og þróunar⁽²⁾ þá viðurkennir eftirlitsstofnun EFTA almennt hugsanleg áhrif til góðs af R&D-starfsemi á efnahagsþróun og tekur jákvæða afstöðu til aðstoðar við slíka starfsemi, að því tilskildu að hún sé ekki líkleg til að hafa óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að því marki að það brjóti í bága við EES-samninginn. Við mat á slíkri aðstoð er tekið mið af mismunandi þáttum eins og eðli verkefnisins, hvort það í raun og veru feli í sér verulegt nýnæmi hvað varðar vörur eða vinnslu, tæknilegri og fjárhagslegri áhættu sem það hefur í för með sér og hættunni á að raska samkeppni.

Fyrir grundvallariðnaðarrannsóknir er almenna reglan sú að aðstoðin fari ekki yfir 50% af vergum kostnaði sem til greina kemur. Eftir því sem starfsemi sem aðstoðar nýtur er nær markaðinum, og tekur til svæða hagnýtra rannsókna og þróunar, væntir eftirlitsstofnunin þess að aðstoðarfjárhæðin fari stíglækkandi.

Í þessari aðstoðartillögu er R&D-starfsemi verkefnisins skipt í fjóra flokka. 50% lágmarksstyrkleiki aðstoðar er lagður til fyrir grundvallariðnaðarrannsóknir sem samsvarar framangreindu hámarki í reglunum um aðstoð til rannsókna og þróunar. 25% styrkleiki aðstoðar sem er lagður til til hagnýtra rannsókna telst einnig ásættanlegur. Að því er varðar vinnsluþróun hefur óháður sérfræðingur skoðað starfsemina og telur að hún feli sannanlega í sér nýnæmi á evrópskum vettvangi. Á þeim grundvelli er hægt að réttlæta 15% fyrirhugaðan styrkleika aðstoðar. Engin aðstoð verður veitt til að styðja vöruþróunarstig verkefnisins.

Útgjöld verkefnisins vegna umhverfisverndar ná í fyrsta lagi yfir ráðstafanir sem miða að því að ná töluvert betri árangri í umhverfisvernd en kveðið er á um í lagaákvæðum eða lögbundnum skyldum. Fyrirhuguð aðstoð í þessu skyni felur í sér vergan styrkleika aðstoðar sem nemur 30%. Í öðru lagi er 15% styrkleiki aðstoðar lagður til til að styðja ráðstafanir sem

miða að því að uppfylla nýjar lagakröfur. Í báðum tilvikum samsvarar styrkleiki aðstoðarinnar til þess hámarks sem kveðið er á um í reglunum um aðstoð til umhverfisverndar⁽³⁾ og telst því samrýmanlegur EES-samningnum.

Í tengslum við þróun hinna nýju vara og vinnsluáferða og því að koma á nýju verkfyrirkomulagi í samsetningu er í verkefninu gert ráð fyrir ráðstöfunum til að þjálfa starfsfólk fyrirtækisins. Heildarútgjöld verkefnisins vegna starfsþjálfunar eru 110 milljónir ATS, þar af 44 milljónir ATS vegna launa lærlinga sem ríkisstjórn Austurríkis telur réttilega að komi ekki til greina að því er aðstoð varðar. Þær 66 milljónir ATS sem eftir eru hafa verið flokkaðar sem grunnþjálfun (29 milljónir ATS) og starfsþjálfun (37 milljónir ATS). Fyrirhuguð aðstoð samsvarar 50% styrkleika aðstoðar vegna grunnþjálfunar og 25% vegna starfsþjálfunar.

Með hliðsjón af eðli verkefnisins er talið að ráðstafanir vegna starfsþjálfunar samsvari sannanlega breytingum á gæðum varðandi tilskilda menntun og hæfi starfsfólks og varði verulegan hluta vinnuafis. Á þessum grundvelli og þar sem aðstoðin er innan sanngjarnra marka telst fyrirhuguð aðstoð vegna þjálfunar ásættanleg.

Viðurkennd útgjöld vegna svæðisbundinnar fjárfestingar verkefnisins nema 1.781 milljónum ATS og fyrirhuguð hámarksfjárhæð aðstoðar í þessum tilgangi er 173.3 ATS milljónir. Að teknu tilliti til tímasetningar áætlaðrar fjárfestingar annars vegar og greiðslu aðstoðarfjárhæðar hins vegar er vergt styrkjafjafnvirði reiknað til núvirðis 8,9%.

Í reglunum um ríkisaðstoð við bílaiðnaðinn, eins og þær eru settar fram í 23. kafla í málsmeðferð og efni reglna eftirlitsstofnunarinnar á sviði ríkisaðstoðar, er hið mikilvæga framlag til byggðapróunar, sem unnt er að inna af hendi með því að fjárfesta í nýrri eða stækkaðri afstöðu fyrir framleiðslu á vélknúnum ökutækjum og íhlutum í þeim byggðum EFTA-rikkjanna sem minna mega sín, viðurkennd. Þessi afstaða er í samræmi við almenna jákvæða afstöðu eftirlitsstofnunarinnar til fjárfestingaraðstoðar sem veitt er til að hjálpa til við að yfirstíga kerfislega erfiðleika á svæðum sem minna mega sín.

Samkvæmt ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA frá 11. maí 1994 um kort yfir svæði sem njóta aðstoðar (Austurríki) er byggðin Steyr-Kirchdorf (Oberösterreich) samþykkt sem svæði sem kemur til greina fyrir byggðaaðstoð, samkvæmt c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, sem nemur allt að 15 prósentu hámarksstyrkleika aðstoðar (hreint styrkjafjafnvirði). Aðstoðarþátturinn í þessari tillögu varðandi byggðaaðstoð er vel undir þessu hámarki.

Með hliðsjón af því hversu viðkvæmur bílaiðnaðurinn er og því að veruleg hætta er á að samkeppni raskist er nauðsynlegt að tryggja að aðstoð sem veitt er sé í samræmi við vandamálið sem leitast er við að leysa og að tilhlýðilegt tillit sé tekið til hugsanlegra óhagstæðra áhrifa á iðnaðinn í heild, svo sem myndunar

(¹) Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar. Leiðbeiningar um beitingu og túlkun á 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókanar 3 við samninginn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn. Samþykktar og gefnar út af eftirlitsstofnun EFTA 19. janúar 1994.

(²) Sjá 14. kafla í málsmeðferð og efni reglna eftirlitsstofnunarinnar á sviði ríkisaðstoðar.

(³) Sjá 15. kafla í málsmeðferð og efni reglna eftirlitsstofnunarinnar á sviði ríkisaðstoðar.

verulegrar umframframleiðslugetu. Óháður ráðgjafi hefur gert kostnaðar- og nytjagreiningu sem miðar að því að bera kennsl á og meta allan viðbótarkostnað og hagnað fyrir BMW vegna ákvörðunar sinnar að bæta við framleiðsluáðstöðu sína í Steyr miðað við sambærilega útfærslu á aðstöðu sem fyrir er í miðsvæðisbyggðalagi sem ekki nýtur aðstoðar. Þessi samanburðargreining náði til viðbótarfjárfestingarkostnaðar svo og til hækkunar á rekstrarkostnaði og ábata á fyrstu árum framleiðslunnar.

Meginniðurstaða greiningarinnar er að áætlaður nettóviðbótarkostnaður eða kerfislægir erfiðleikar sem BMW stendur frammi fyrir vegna landfræðilegrar staðsetningar stækkunaráætlunarinnar er talinn nema 5,9% af viðurkenndri svæðisbundinni fjárfestingu.

Að því er varðar hugsanleg óhagstæð áhrif á bílaiðnaðinn á samningssvæði EES, bendir eftirlitsstofnunin á að fyrirhuguð aukning framleiðslugetu úr 400.000 einingum 1992 í 450 - 460.000 einingar 1996 er eingöngu ætluð til að sjá samsetningarverksmiðju BMW í Bandaríkjunum fyrir birgðum. Fjárfestingin mun þess vegna ekki leiða til myndunar umframgetu í viðkomandi iðnaði á evrópskum vettvangi, sem gæti haft skaðleg áhrif á keppinauta BMW. Vegna þessa er heimilt að leyfa 3%

aukningu (uppbót) á styrkleika aðstoðar sem hvata til svæðisbundinnar fjárfestingar, sem felur í sér að samanlagður viðurkenndur styrkleiki aðstoðar er 8,9% og er það í samræmi við fyrirhugaðan aðstoðarstyrkleika.

Með hliðsjón af væntanlegum jákvæðum áhrifum á svæðisbundna þróun og þar sem fyrir liggur að fjárfestingin telst ekki hafa óhagstæð áhrif á iðnaðinn á evrópskum vettvangi, og að fyrirhuguð aðstoð er í sanngjörnu hlutfalli við svæðisbundna erfiðleika sem fjárfestirinn stendur frammi fyrir, getur eftirlitsstofnun EFTA fallist á fyrirhugaðan styrkleika aðstoðar.

Í stuttu máli telur eftirlitsstofnun EFTA að aðstoðin sem ríkisstjórn Austurríkis leggur til sé sanngjörn, að teknu tilliti til eðlis rannsóknar, umhverfisverndar og þjálfunarráðstafana sem henni fylgja, mikilvægis þessarar starfsemi og tengdrar fjárfestingar í framleiðsluáðstöðu fyrir þróun iðnaðarhéraðsins Steyr sem er í lægð og óhagstæði sem þessu fylgir fyrir fjárfestinn, svo og að fjárfestingin mun ekki hafa óhagstæð áhrif á þennan iðnað á viðkomandi Evrópumarkaði.

Þess vegna hefur eftirlitsstofnun EFTA ákveðið, samkvæmt c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, að hreyfa ekki andmælum gegn fyrirhuguðum aðstoðarráðstöfunum.

**Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr.
EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. bókuar 3 við samninginn um
eftirlitsstofnunina og dómstólinn**

94/EES/33/04

Ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum

Ákvörðunin var samþykkt þann:	17. 6. 1994	Ákvörðunin var samþykkt þann:	20.7.1994
EFTA-ríki:	Austurríki	EFTA-ríki:	Austurríki
Aðstoð nr.:	94-003	Aðstoð nr.:	94-020
Titill:	Leiðbeiningar varðandi styrki og ábyrgðir sem fylgja lögunum um efnahagslega eflingu (Burgenland)	Titill:	„Hvatningaráætlun um staðsetningu fyrirtækja“ (Oberösterreich)
Markmið:	<ul style="list-style-type: none"> - Nýjungar og tækni - rannsóknir og þróun - umhverfi og vistfræði - alþjóðavæðing - bætt efnahagsuppbygging lítilla og meðalstórra fyrirtækja (aðstoð við fjárfestingu, björgunar- og endurskipulagningaraðstoð) - grunngerð 	Markmið:	<ul style="list-style-type: none"> a) staðsetning (stofnun) fyrirtækja sem eru mikilvæg fyrir héraðið b) fyrirtækjasvæði c) stofnun og stækkun „samskipta-deilda“ („Ausseninstitute“) í háskólum d) flutningur fyrirtækja í tilvikum þar sem um er að ræða ríkjandi almenna hagsmuni e) kostnaður við grunngerð (einungis í tengslum við verkefni sem falla undir a- eða d-lið hér að framan f) stækkun iðjuvera í tengslum við fjárfestingar sem fela í sér nýbreytni (einungis á svæðum sem njóta aðstoðar eins og þau eru skilgreind í ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA 38/94/COL frá 11. maí 1994 - 94.005).
Lagalegur grunnur:	<i>Richtlinien betreffend die Gewährung von nicht rückzahlbaren Zuschüssen og Richtlinien betreffend die Übernahme von Bürgschaften für Kredite und Darlehen, byggt á Landes-Wirtschaftsförderungsgesetz 1994</i>	Lagalegur grunnur:	<i>Richtlinien für das Betriebsansiedlungs-Impuls-Programm (BIP)</i>
Fjárveiting:	Allt að 100 milljónum ATS (1994)	Fjárveiting:	100 milljónir ATS (1994)
Styrkleiki aðstoðar:	10-20% brúttó; fyrir rannsóknir og þróun; 20-25% (hagnýtar rannsóknir og þróun) og 20-50% brúttó (grundvallariðnaðarrannsóknir)	Styrkleiki aðstoðar:	15-20% nettó á svæðum sem njóta aðstoðar; 7.5% brúttó fyrir meðalstór fyrirtæki og 15% brúttó fyrir lítil fyrirtæki utan svæða sem njóta aðstoðar
Gildistími:	Óákveðinn	Gildistími:	31. desember 1996
Skilyrði:	Einfölduð ársskýrsla	Skilyrði:	Einfölduð ársskýrsla

EFTA-DÓMSTÓLLINN

Mál höfðað þann 7. maí 1994 af Alexander Flandorfer Friedmann, 94/EES/33/05 Erna Flandorfer Friedmann og GFG Bau Dachdecker Spengler GmbH gegn Lýðveldinu Austurríki

(Mál E - 3/94)

Alexander Flandorfer Friedmann, slóvenskur ríkisborgari, Erna Flandorfer Friedmann, bæði með fasta búsetu í Vín (Austurríki) og GFG Bau Dachdecker Spengler GmbH, Vín höfðu mál gegn Lýðveldinu Austurríki fyrir EFTA-dómstólnum þann 7. maí 1994. Í máli stefnenda kemur fram að fyrstefnda stefnandanum hafi verið neitað um varanlegt dvalarleyfi í Austurríki.

Stefnendur fara fram á að gripið verði til aðgerða gegn stefnda fyrir brot á:

- a) 6. gr., 7. gr., 1. til 3. mgr. 28. gr., 31. gr. og 34. gr. EES-samningsins, 10. og 11. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1612/68 og 4. mgr. 4. gr. tilskipunar ráðsins 68/360/EBE; og
- b) rétti stefnenda til frjálsra fólksflutninga samkvæmt 31. og 34. gr. EES-samningsins og 1. mgr. 8. gr. og 12. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu.

Stefnendur fara einnig fram á gjafsókn, þar með talið skipun lögmans.

FYRIRMÆLI DÓMSTÓLSINS frá 15. júní 1994

Í máli E-3/94: Alexander Flandorfer Friedmann, Erna Flandorfer Friedmann og GFG Bau Dachdecker Spengler GmbH gegn Lýðveldinu Austurríki

Í máli E-3/94: Alexander Flandorfer Friedmann, Erna Flandorfer Friedmann og GFG Bau Dachdecker Spengler GmbH gegn Lýðveldinu Austurríki - krafa um ákvörðun um lögsögu, beiðni um gjafsókn þar með talið skipun lögmans og yfirlýsingu þess efnis að Lýðveldið Austurríki hafi brotið gegn 6. gr., 7. gr., 2. og 3. mgr. 28. gr., 31. gr. og 34. gr. EES-samningsins og 1. mgr. 8. gr. og 12. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu - dómstóllinn, þar sem sæti eiga Leif Sevón, forseti, Björn Haug, Thór Vilhjálmsson (framsögumaður), Kurt Herndl og Sven Norberg, dómara (dómritari Karin Hökborg), gaf fyrirmæli þann 15. júní 1994 og fer ályktarorð þeirra hér á eftir:

1. *Kröfugerðinni er vísað frá nema að því leyti sem hún varðar beiðni um gjafsókn.*
2. *Beiðni um gjafsókn er hafnað.*
3. *Málið skal tekið af málaskrá dómstólsins.*
4. *Stefnendur skulu bera eigin kostnað.*

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Ríkisaðstoð
Nr. C 13/94 (ex. NN 13/94)
Ítalía

94/EES/33/06

Framkvæmdastjórnin hefur útvíkkað málsmeðferð þá sem kveðið er á um í 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoðina sem Enichem Agricoltura s.p.A. var veitt í formi endurfjármögnunar af opinbera hluthafa þess ENI (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 243, 31.8.1994).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með öðrum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan 30 daga frá birtingu þessarar auglýsingar, við:

Commission of the European Communities
Rue de la Loi 200
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Ítalíu.

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu

94/EES/33/07

**(Mál nr. IV/M.437 - Matra Marconi Space/
British Aerospace Space Systems)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 23.8.1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

Bréfasími: +32 2 296 43 01

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30.12.1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21.9.1990, bls. 13.

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram**94/EES/33/08****(Mál nr. IV/M.485 - Rheinelektra/Dekra/Cofira)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 24.8.1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Rheinelektra AG („Rheinelektra“), sem lýtur yfirráðum RWE AG, Cofira Deutschland Telekommunikations- und Vertriebsgesellschaft mbH („Cofira“), sem tilheyrir samstæðunni Compagnie Générale des Eaux („CGE“), og Dekra e.V. („Dekra“) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir Dekraphone Telekommunikations-Service GmbH („Dekraphone“), sem er nýstofnað fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, og munu móðurfyrirtækin flytja dótturfyrirtæki sín Unicom (Rheinelektra) og Dekratel (Cofira og Dekra) til þess.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Rheinelektra: rafmagnsbúnaður og verksmiðja, orkuveiting, fjárfestingar í fyrirtækjum á þessum mörkuðum og á sviði fjarskipta.
 - Cofira: fjárfestingar á sviði farfjarskipta.
 - Dekra: tækniskoðun ökutækja, sérfræðingaúttekt, þjálfun, umhverfisvernd.
 - Unicom og Dekratel: þjónusta á sviði farsíma.
 - Dekraphone: þjónusta á sviði farsíma, sala farsíma.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 247, 3.9.1994. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/ M.485 - Rheinelektra/Dekra/Cofira, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

(¹) Stjútíð. EB nr. L 395 frá 30.12.1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257 frá 21.9.1990, bls. 13.

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram**94/EES/33/09****(Mál nr. IV/M.459 - CINVen/CIE/BP Nutrition)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 26.8.1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin CINVen Limited og CIE Management II Limited öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir BP Nutrition Division með hlutabréfa- og eignakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - CINVen: ráðgjöf og þjónusta á sviði fjárfestingastýringa
 - CIE Management II Limited: almenn umboðsþjónusta og þjónusta á sviði fjárfestingastýringa
 - BP Nutrition Division: fóður og dýravörur, sérstakar landbúnaðarvörur, dýrakynbætur og sjávardýraeldi.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C.248, 6.9.1994. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.459 - CINVen/CIE/BP Nutrition, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395 frá 30.12.1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257 frá 21.9.1990, bls. 13.

Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 25.7. til 26.8. 1994 94/EES/33/10

Þessi skjöl er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðufjöldi
COM(94) 202	CB-CO-94-220-EN-C ⁽¹⁾	Orðsending frá framkvæmdastjórninni og tillaga að tilskipun ráðsins og Evrópuþingsins um að samþykkja aðgerðaráætlun bandalagsins um eflingu heilbrigðis, upplýsingar, menntun og þjálfun innan ramma aðgerða á sviði almannaheilbrigðis	1.6.1994	26.7.1994	53
COM(94) 347	CB-CO-94-364-EN-C	Evrópa og upplýsingaþjóðfélagið: Aðgerðaráætlun - Orðsending frá framkvæmdastjórninni til ráðsins og Evrópuþingsins og til efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar	19.7.1994	27.7.1994	23
COM(94) 333	CB-CO-94-372-EN-C	Evrópsk félagsmálafestna - Framtíðarstefna fyrir Evrópusambandið - Hvítbók, B-hluti	27.7.1994	29.7.1994	349
COM(94) 340	CB-CO-94-354-EN-C	Breytt tillaga að tilskipun ráðsins um samræmdar aðferðir við eftirlit með flutningi á hættulegum varningi á vegum	29.7.1994	29.7.1994	9
COM(94) 371	CB-CO-94-389-EN-C	Breytt tillaga að tilskipun ráðsins um meginreglur sem varða skipulagningu eftirlits á sviði dýrafæðu	3.8.1994	3.8.1994	4
COM(94) 372	CB-CO-94-390-EN-C	Breytt tillaga að tilskipun ráðsins til breytingar á tilskipun 70/524/EEB um aukefni í fóðri	3.8.1994	3.8.1994	4
COM(94) 308	CB-CO-94-338-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um að setja reglur um aðgang að vissum fiskveiðisvæðum og auðlindum bandalagsins	13.7.1994	18.8.1994	11
COM(94) 309	CB-CO-94-339-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) til breytingar á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2847/93 frá 12. október 1993 um að koma á eftirlitskerfi fyrir sameiginlegu fiskveiðistefnuna	13.7.1994	18.8.1994	11
COM(94) 223	CB-CO-94-238-EN-C	Orðsending frá framkvæmdastjórninni Aðgerðir bandalagsins í tengslum við vanabundna fíkniefnaþörf Tillaga að ákvörðun ráðsins og Evrópuþingsins um að samþykkja aðgerðaráætlun bandalagsins um fyrirbyggjandi aðgerðir gegn vanabundinni fíkniefnaþörf innan ramma aðgerða á sviði almannaheilbrigðis (1995-2000)	21.6.1994	22.8.1994	44

⁽¹⁾ „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.

**Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin birtir í 94/EES/33/11
Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins**

Kóði	Titill	Birting í Stjttíð. EB
COM(94) 279	Tillaga að tilskipun ráðsins til breytingar á tilskipun ráðsins 79/373/EBE um markaðssetningu blandaðs fódurs	Stjttíð. EB nr. C 238, 26.8.1994
COM(94) 340	Breytt tillaga að tilskipun ráðsins um samræmdar aðferðir við eftirlit með flutningi á hættulegum varningi á vegum	Stjttíð. EB nr. C 238, 26.8.1994
COM(94) 329	Breytt tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins til breytingar á tilskipun 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnáslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS)	Stjttíð. EB nr. C 242, 30.8.1994
COM(94) 371	Breytt tillaga að tilskipun ráðsins um meginreglur sem varða skipulagningu eftirlits á sviði dýrafæðu	Stjttíð. EB nr. C 242, 30.8.1994
COM(94) 372	Breytt tillaga að tilskipun ráðsins til breytingar á tilskipun 70/524/EBE um aukefni í fóðri	Stjttíð. EB nr. C 242, 30.8.1994
COM(94) 323	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) til breytingar á reglugerð ráðsins (EBE) 3821/85 og tilskipun ráðsins 88/599/EBE um skráningarbúnað í flutningum á vegum	Stjttíð. EB nr. C 243, 31.8.1994

Leiðrétting**94/EES/33/12**

Í útbóði á sérfræðingastöðum í DG XIII⁽¹⁾ kemur eftirfarandi í stað VIII. liðar:

VIII. Frestur til að skila inn tilboðum rennur út 52 dögum eftir birtingu þessarar auglýsingar. Beiðnir um frekari upplýsingar er unnt að senda á einu af opinberum tungumálum Evrópusambandsins til:

European Commission
DG XIII/1 (BU24 4/13)
Rue de la Loi 200
B-1049 Brussels

Leiðrétting**94/EES/33/13**

Í útbóði á sérfræðingastöðum í DG XIII⁽²⁾ kemur eftirfarandi í stað VIII. liðar:

VIII. Frestur til að skila inn tilboðum rennur út 52 dögum eftir birtingu þessarar auglýsingar. Beiðnir um frekari upplýsingar er unnt að senda á einu af opinberum tungumálum Evrópusambandsins til:

European Commission
DG XIII/1 (BU24 4/13)
Rue de la Loi 200
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópubandlagsins nr. 24, 28.7.1994, bls. 12.

⁽²⁾ EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópubandlagsins nr. 26, 4.8.1994, bls. 8.